

Leið stjórnandans

Erindi flutt við Alþýðufræðslu Guðspekifélagsins 14. febrúar 1937 - í ágripi.

Góðir tilheyrendur.

Deildarforsetinn hefir beðið mig að flytja hér erindi um þetta efni. Vildi ég verða við þessari bön hans, en geta verð ég þess, að það er nokkrum örðugleikum undirorpið að gera þessu verkefni sæmileg skil, því lítið er til um það í ritum eftir aðra og verð ég því að byggja einvörðungu á eigin athugunum.

Inngangur.

Tvö atriði finst mér að komi til greina við athugun þessa máls og verður, að minni hyggju, að hafa þau í huga, ef maður á að gera sér fulla grein þeirra fyrirbrigða, sem nauðsynlegt er að benda á. Hið fyrra eru geislarnir eða litirnir, en hið síðara er lögmál endurholdgunar.

Geislarnir. - Litirnir eða geislarnir, eins og þeir eru oftast nær nefndir í ritum dulfræðinga, eru litir þeir, er birtast í litsjánni (spektroskop) eða í regnboganum. Er það hið hvíta ljós sólar klofið í sjö liti eða geisla. eru þeir: Rautt, rauðgult, gult, grænt, blátt, indigóblátt og fjólublátt. Allt í þróuninni greinist undir þessa sjö liti í aðalatriðum. Svo skiptist aftur hver litur í sjö undirliti, en þó er frumliturinn yfirgnæfandi. Birtast því $7 \times 7 = 49$ litbrigði. Andinn hefir öll þessi litbrigði í sér fólgin og efnið, frumgerfisefnið, hefir það einnig.

Þegar andinn sameinast efninu koma 49×49 tegundir í ljós eða 2401 tegund. Hefir sérhvert náttúruríki því jafnmörg afbrigði eða tegundir innan sinna vébanda. Og mennirnir eru engin undantekning frá þessu, því þeir fara mismunandi leiðir í þróuninni og er ætlað sérhverjum sérstakt ætlunarverk. Hvernig þetta gerist í upphafi, er í eðli sínu jafndularfullt og guðdómurinn sjálfur, því þetta stendur í nánu sambandi við guðinn eða guðsneistann í mannum, sem er hluti af guðdómnum og því jafn óskynjanlegur og hann.

Mennirnir skiptast því í flokka eftir geislunum og eiginleikum þeirra þannig: Undir rauða geislanum eru stjórnendurnir, allir þeir, sem mannaforáð hafa í stærri eða minni stíl, konungar, forsetar, ráðherrar, forstöðumenn bæja- og sveitarfélaga og stærri atvinnustofnana. Er það þessi flokkur manna, sem þetta erindi fjallar um. Rauðgula litnum eða geislanum teljast heimspekingar og þeir, sem fást við hærri vísindi. Gula geislanum teljast fræðarar allir, kennimenn og kennarar í öllum greinum. Græna geislanum teljast listamenn og þeir, sem fást við skreytingu og listiðnað í ýmsum greinum. Bláa geislanum teljast trúarbrögðin og þeir sem vinna sérstaklega í sambandi við þau. Indigóbláa geislanum teljast öll raunvísindi og þeir, sem við þau fást. Er það hin hlutræna eða lægri hugsun, eins og um hana er talað í dulspekinni. Fjólublái geislinn ræður yfir þeim, sem fást við alls konar skipulagningu, siði og siðaathafnir allar. Er því haldið fram, að áhrif hans séu smátt og smátt að verða meira áberandi nú á tímum. Er fjólublái geislinn talinn lægri hlið rauða geislans og endurspeglun af honum, indigóblái geislinn lægri hlið eða endurspeglun af rauðgula geislanum og blái geislinn endurspeglun af þeim gula. Er þá græni geislinn einn eftir og táknar jafnvægið á milli hinna og mótar það.

Endurholdgunin. - Það er í raun réttari ógerningur að rekja þetta verkefni, svo að gagn verði að, nema með aðstoð þessa lögmáls um endurholdgunina. Það er með því að gera ráð fyrir því, að mennirnir fæðist hér á jörðu aftur og aftur, óteljandi sinnum, að það getur orðið mögulegt að hugsa sér, það að lokum birtist fullkomnir menn í hverri grein. Hafí menn í huga

Þetta lögmál, er þeim léttara að finna samhengið í þróuninni og fylgja henni stig af stigi, finna sambandið á milli hinna ýmsu þróunarskeiða og menningarástands eins og það birtist á ýmsum tímum og undir ýmsum og mismunandi kringumstæðum alla leið frá frummanninum og villimanninum til hins fullkomna manns eins og við getum hugsað okkur hann fullkomnastan.

Ég þykist eigi þurfa að lýsa lögmáli endurholdgunar sérstaklega í þessu sambandi, því ég geri ráð fyrir að lesendum „Ganglera“ sé kunnugt um það.

Leið stjórnandans.

Kem ég þá að aðalefni þessara athugana, en það er þróun stjórnandans eða leið sú, er hann fetar. Til þess að við getum áttað okkur betur á leið þessari er nauðsynlegt að taka til athugunar ýmis fyrirbrigði, sem unnt er að benda á í þessu sambandi. Við verðum því að reyna að finna stjórnandann á ýmsum stigum þróunar og athuga hvernig hann birtist í hinum ýmsu gervum. Kemur þá fyrst til álita hvernig hann birtist á frumstiginu í mynd villimanns.

Villimaðurinn. - Á frumstiginu, stigi villimanns, eru hæfileikarnir mjög takmarkaðir, eins og að líkindum lætur. Aðalverkefnið er að afla fæðu, efna til veiðiferða, og flytja veiðina heim og auðvitað er fyrst um það hugsað að neyta sjálfur fyrst af því, sem aflað hefir verið og svo mega konan og börnin fá afganginn ef hann er þá nokkur. Sá, sem hefir stjórnendahneigð í sér mun, þegar bezt lætur, gerast leiðtogi og fyrirliði, ef nauðsynlegt er að verja fjölskylduna eða ættbálkinn árásum annara herskárri ættbálka. Hefir hann tiltrú nokkra, því honum er sýnt um að gera áætlanir og framkvæma þær betur en aðrir. Ráðríkur er hann og harður í horn að taka og óvæginn ef á hann er leitað og lætur ekki hlut sinn fyrir neinum. Ber sérstaklega á þessu þegar kynstofninn hefir náð háum aldri og hefir lifað margar kynslóðir.

Ýmsar þessar hneigðir getur að líta á meðal barna á vissu þroskaskeiði. Í leikjum þeirra á unga aldri má sjá þess merki að þau eru mjög misjöfn í allri framkomu. Sum væg og hægfara, önnur ráðrík og vilja ævinlega vera fyrirliðar og eru ekki í rónni fyrir en þeim hefir tekizt það. Allt verður að lúta ráðum þeirra og vilja. Þau kunna engan veginn að taka tillit til annarra, heldur koma vilja sínum fram án tillits til nokkurs annars. Bernskuár barna benda ótvírætt á frumstig mannkyns.

Löngu síðar, að liðnum milljónum ára jafnvel, hittum við aftur þennan sama mann. Hefir hann þá tekið miklum stakkaskiptum, enda hefir hann lifað fjölda æviskeiða í millibílinu. Getur maður nú sagtað hann birtist sem hirðingi, er gæti hjarða sinna og búi í tjöldum og fyrir langalöngu hættur að lifa og hrærast sem náttúrubarn. Hann er nú sem stendur ekki foringi eða leiðtogi lítills heimilis, hann er leiðtogi ættbálksins, sem hann er fæddur aðalerfingi í og hefir öðlazi þann rétt frá forfeðrunum. Hann er eins konar smákonungur og ekkert er gert eða ákveðið nema hann sé í ráðum og hann gætir réttar ættarinnar og verndar hana gegn öllum utanaðkomandi hættum og árásum frá öðrum ættbálkum. Kænska hans hefir vaxið að miklum mun og fyrirhyggja.

Og ekki löngu seinna hittum við hann enn á ný og þá birtist hann sem jarðyrkjumaður og einnig þá er hann leiðtogi og forystumaður ættar sinnar eða héraðs og ræður þar öllum ráðum, jafnvel skilyrðislaust.

Og enn líða langir tímar. Menningar hverfa og menningar koma. Nú birtist stjórnandinn í líki herkonungs og víkings, hefir hann enn tekið miklum stakkaskiptum, bæði að hyggindum, áræði og ráðsnilli. Stjórnsemi hans og skipulagsgáfa hefir vaxið og beinst inn á nýjar brautir. Viðfangsefnin miklu fjölpættari. Hann fær nú tækifæri til þess að kynnst öðrum þjóðum þar sem hann herjar, menningu þeirra, andlegri og veraldlegri reynslu. Hann lifir mjög tilbreytingaríku lífi og lærir af því að meta menn og málefni frá miklu fleiri hliðum en áður átti sér stað. Það ber og við að hann hertekur lönd og ræður ríkjum um skemmri eða lengri tíma og verður að verja þau ásælni og aðgangi annarra þjóða, sem vilja vinna ríki hans og gera hann og það sér skattskilyt og undirgefið.

Stjórnandinn birtist sem menningarmaður nútíðar. Hann er forstöðumaður fyrir stóru iðnaðar- og verzlunarfyrirtæki. bæjar- eða sveitarstjóri, ráðherra eða forseti og æðsti ráðandi ríkis, konungur eða keisari. Þó er nú þannig högum háttað, víðast hvar, að tvær síðasttöldu stöðurnar eru veigaminni sem þroskameðal en hinar. Nú fær stjórnandinn mörgum sinnum fleiri tækifæri en áður og miklu fleiri verkefni að leysa, því viðfangsefnin hafa aldrei verið jafnmargþætt og nú. Á einu ári eða mánuði jafnvel berast mönnum viðfangsefni jafnmörg eða fleiri en á áratugum fyrir skömmu síðan. Er það sökum þess að nú eru miklu sterkari öfl að verki en áður átti sér stað og eiga þau uppruna sinn í hinni innri eða æðri náttúru eða veröldum.

Og nú nálgast stjórnandinn óðfluga takmark hins innra og æðra. Hann fær á þessum tíma tækifæri til þess að gera sér fyllilega ljóst hið sanna og raunverulega gildi hlutanna. En vitanlega er það undir sjálfum honum komið, hvort og að hve miklu leyti honum skilar áfram á leiðinni að takmörkum þessa heims. Og hann sér hið þráða mark fyrir sér, auð og völd. En áður en varir verður hann þess var, að hann hefir misst allt. Hann hefir tapað bæði auði og metorðum og hann sér að allt þetta er hverfult. Það hefir engan raunverulegan varanleik í sér fólgin. Hann verður að missa allt, til þess að skilja hið raunverulega gildi hlutanna.

Og þá kemur að því, sem er afar þýðingar mikið atriði, en það er þjónustan. Nú fyrst skilur hann eða fær tækifæri til þess að reyna að prófa hið sanna gildi þjónustunnar, því nú verður hann aftur að taka á sig ok vinnunnar og bera það til þess tíma að hann hefir lært að þjóna og þjóna með gleði og án allrar þvingunar.

Og þetta síðasttalda atriði veitir honum hæfileikann til þess að stjórna og stjórna viturlega, veitir honum getu til þess að skilja til fullnustu gildi sérhverrar kröfu og sérhverrar skipunar, því hann hefir sjálfur unnið það allt, innt öll störf af hendi sem dyggur og undirgefinn þjónn. Og nú nálgast hann takmörk hins veraldlega. Hann hefir náð að fullþroska hæfileika sína sem góður, samvirkusamur og réttssýnn stjórnandi. Og hann á nú fá æviskeið eftir ófarin til þess að hafa lokið ætlunarverki sínu.

Sérkenni hins þroskaða stjórnanda.

Ég vil nú í stuttu máli og fáum dráttum lýsa því, hvernig ég hefi hugsað mér hinn þroskaða stjórnanda, hvernig hann muni koma oss fyrir sjónir, í athöfnum, tilfinningum, hugsun og andlegum yfirburðum.

Í athöfnum. - Vegna þess hve fullkominn þjónn hinn þroskaði stjórnandi er orðinn, þá hefir hann nákvæma þekkingu og reynslu í því hvað það er að vinna og hvers vinnan krefst. Þess vegna heimtar hann aldrei af neinum sinna undirmanna, hvort sem þeir eru hátt eða lágt

settir, meira en það, sem hann veit að þeir geti afkastað og því er hann ævinlega viss um, að allir einstakir hlutar verksins verði vel og samvirkusamlega af hendi leystir. Hann er strangur og nákvæmur, en tekur þó fullt tillit til hæfileika og getu þeirra, sem undir hann eru gefnir. Alla yfirumsjónarmenn sína og umsjónarmenn lætur hann einráða um stjórn verksins og lætur þá finna að þeir séu í raun réttir allsráðandi, því á þann hátt hafa þeir fulla ábyrgð, frekar en ef alltaf er verið að grípa fram í fyrir þeim og þeir hafa engan frið fyrir ávítum og athugasemdum, sérstaklega þegar undirmenn þeirra heyra til. Ef hann þarf að athuga eða leiðrétta, þá gerir hann það einslega, til þess að vekja ekki vantraust á umsjónarmönnum. Óþroskaður stjórnandi þarf ævinlega að láta á sér bera og sýna, að það sé hann, sem ráði og fer því gersamlega öfugt að við hinn fyrnefnda. Hinn þroskaði stjórnandi þarf aldrei að auglýsa sig. Hann er fyrir löngu vaxinn upp úr slíkum hégóma. Mennt hafa því í raun réttir því minna af hinum sanna stjórnanda að segja, sem hann er meira starfi sínu vaxinn.

Hann er því mjög nákvæmur í öllum athöfnum og lætur lítið yfir sér.

Í tilfinningum. - Hann hefir mjög næma tilfinningu fyrir öllu sem varðar útlit og viðhorf verksins, sem hann lætur vinna, hvort sem það ber að skoða frá listrænu, fræðilegu eða hagkvæmu sjónarmiði. Hann ber sömu umhyggjuna fyrir öllu, eins og faðir, sem ann barni sínu, og öllum, sem hann hefir undir höndum og hefir æðstu umsjón með. Hann lætur sér ekkert óviðkomandi, sem varðar líf þeirra og limi. Ördugleikar verkfalla verða aldrei á vegi slíks stjórnanda, því verkamenn hans eru það allra fyrsta, sem hann álitur skyldu sína að sjá um. eru þess fáein dæmi, að slíkir vinnuveitendur og stjórnendur séu til. En almenningur þeirra, sem við atvinnurekstur fást, eru enn þá ekki komnir svo langt áleiðis, að þeir skilji, hverja þýðingu það hefir að gera vel við verkamenn sína.

Í hugsunum. - Hið hugræna líf hins þroskaða stjórnanda er að miklum mun víðtækara en almennt gerist. Hann hefir heildaryfirsýn yfir hlutina og er afarfljótur að skynja hvernig þeir í raun og veru geti orðið í framkvæmd. Hann hefir því þessa hugmynd ætíð fyrir hugskotssjónum þangað til hann hefir komið þeim í framkvæmd og í sem fyllstu samræmi við þessa hugsjón sína. Yfirlitsgáfan er glögg og hugsunin hagsýn í framkvæmdinni. Það er engu líkara en að honum sé allt í augum uppi og ef honum er bent á einhver ný, óþekkt atriði í viðskipta- eða framkvæmdamálum eða vísindum, þá skynjar hann kjarna þeirra á augabragði og það gerir hann með aðstoð yfirlitsgáfunnar og innsæisins.

Í andlegum hæfileikum. - Og stjórnandinn, hinn þroskaði, hefir ennþá meira í fórum sínum. Hann hefir innsæi yfir að ráða að nokkru, sem veitir honum aukinn hæfileika til heildarskynjunar, sem öllum þeim er bráðnauðsynlegt, sem eiga að fást við mörg og ólík viðfangsefni, eins og ríkjastjórnendur og ráðherrar nútíðar verða að hafa og þeir, sem veita forstöðu risavöxnum fyrirtækjum. Eigi stjórnandinn að vera hæfur, verður hann að hafa þessa gáfu í miklum mæli. Og rósemi þá, sem innsæinu er samfara, verður hann að hafa í ríkum mæli, ef honum á að takast að leysa vel úr öllum þeim vandamálum, sem óhjákvæmilega verða á vegi hans.

Hinn fullkomni stjórnandi.

Ef minnast skal á hinn fullkomna stjórnanda, verður maður að leita út fyrir hina mannlegu þróun og leiða hugann að þeim ofurmennum eða meisturum, sem sérstaklega er sagt um, að séu á þeirri leið hinnar æðri og innri þróunar.

Þegar sá nemandi, sem fetar leið stjórnandans, hefir numið allt, sem numið verður á leið mannlegrar þróunar og hefir lifað hér á jarðri í ótal jarðvistum sem ráðandi konungur eða forseti, tekur hann síðasta skrefið og verður fullnumi og meistari, og bíða hans þá ný verkefni. Hvers konar verkefni það eru, er mönnunum með öllu ókunnugt, en þó er meðal annars sagt, að þeir aðstoði og hafi áhrif á hinar stjórnsmálalegu hreyfingar meðal þjóðanna. Þeir reyni að koma í veg fyrir mestu vandræði og örðugleika í viðskiptum þjóðanna, reyni að afstýra styrjöldum og byltingum, ef mögulegt er. Þeir vinni fyrst sem aðstoðarmenn annarra, sem eru miklu lengra komnir en þeir, og hafa yfirumsjón með þróun þjóða og kynflokka. Öll vinna þeirra og viðleitni fer fram á hinum innri sviðum lífsins og í hærri veröldum, en að miklum mun minna í þessum heimi, hinum jarðneska. Eitt af hærri stigum þeirrar þróunar er það, að sjá um fæðingu og þróun kynstofnanna. Þannig er einn slíkur, sem hefir umsjón með og stýrir þróun Arisku þjóðanna eða hvíta kynstofnsins. Er hann í raun og veru eins konar forfaðir þeirra og sá raunverulegi konungur. Mætti því nefna hann konung konunga. Má segja að hann sé fullkominn stjórnandi og sá, sem allir aðrir stjórnendur lúta.

Endur fyrir löngu, á tímum Atlantisþjóða, fyrir nálega einni milljón ára síðan, stjórnðu og ríktu í þann tíð hinir hvítu eða guðdómlegu konungar. Undir þeirra stjórn óx velmegun og menning svo mjög að undrum sætir. Vott þeirrar menningar er nú að finna í hinum markverðu byggingaleyfum og vatnsveituverkum í Egiptalandi, Mexíkó, Yougatan og Perú. Þær söguheimildir, sem nú eru til, sýna, að egypzka menning hefir verið komin á hátopp, þegar fyrstu og elztu leifar, er finnast, urðu til, en vöxtur þeirrar menningar er hulinn í löngu liðinni fortíð. Hinir heilögu konungar stjórnðu með heill almennings fyrir augum og annað ekki. Þess vegna reis upp og óx svo glæsileg menning, sem fornaldarleifarnar bera órækan vott um. En þetta ástand stóð ekki lengi, því ágirndin, valdafíknin, hinir svörtu, vildu ná völdum yfir fólkinu og náðu þeim að lokum og hinum hvítu var hrundið af stóli og þeir hurfu á bak við fortjaldið, sem skilur hið jarðneska frá hinu innra og andlega. En þeir fóru með stjórnvískuna og hina sönnu þekkingu með sér, því hún verður aldrei hrifsuð með valdi. Eftir þetta hnignaði menningunni og eyðing hins mikla meginlands fór í kjölfar hinna svörtu stjórnenda.

Koma hinir heilögu konungar aftur fram á sjónarsvið mannlegrar tilveru, má spyrja?

Það, sem áður hefir átt sér stað, getur aftur orðið og ef mennirnir taka þeim nauðsynlegu breytingum, að unnt sé að gera þeim gagn og stjórna með árangri, er líklegt að þeir, hinir hvítu konungar, vitji mannheima á ný, til þess að kenna mönnunum og gera þá fullnuma í hinni sönnu stjórnvísku.

Hvenær koma þeir?

Þessari spurningu er í raun og veru örðugt að svara. Samkvæmt ævargömlu tímatali, sem stendur í sambandi við hreyfingar jafndægrahnútanna, þá á að birtast ákveðið menningarsnið á hverjum 2150 árum. Vatnsberinn er tákn bræðralags og skipulags og hefst öld hans fyrir alvöru um 2700 og endar um 4800. Þá hefst öld Steingeitar og er hún merki konunga og annarra yfirráðenda. Á þeim tíma mætti búast við að hinir guðdómlegu konungar kæmu fram

á ný til þess að stjórna þjóðunum, þeim þjóðum, sem þá verða lengst komnar áleiðis í menningu, einnig andlega séð.

Og þá ætti að rísa blómaöld friðar, farsældar og framfara með mönnum.

JÓN ÁRNASON PRENTARI